

AGA- OG SIÐANEFND SSÍ

Hlutverk starfsnefnda SSÍ

Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum fulltrúa til starfa í nefndum á vegum SSÍ, frá kjörnefnd amk mánuði fyrir sundþing. Að auki skal stjórn SSÍ tilnefna formenn nefnda og sérstaka fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing. Starfsnefndir starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands og skal starfsmaður SSÍ eða einn stjórnarmaður yfirleitt taka sæti í hverri nefnd. Stjórn skipar einnig formenn nefnda og skulu starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á. Stjórn er heimilt að skipa nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt. Stjórn SSÍ ber ábyrgð á starfi fastanefnda og skal setja nefndunum erindisbréf.

Hlutverk Aga- og siðanefndar

er að framfylgja þeim aga- og siðareglum sem í gildi eru innan SSÍ hverju sinni og skal nefndin hafa frumkvæði að því að taka upp mikilvæg mál sem slíkt varðar. Einnig tekur nefndin til umfjöllunar álítaefni sem til hennar er vísað af stjórn SSÍ. Nefndin skal leitast við að hafa fulltrúa sinn viðstaddan á öllum mótum og æfingaverkefnum innanlands. Nefndin skal hafa eftirlit með því að úrskurðir hennar og viðurlög komi til framkvæmda og séu virtir af hlutaðeigendum. Aga- og siðanefnd fer árlega yfir aga- og siðareglur SSÍ og sendir tillögur um breytingar til stjórnar SSÍ.

Nefndin skal koma saman að minnsta kosti einu sinni á ári, en að öðru leyti hittist nefndin eftir þörfum. Nefndin sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sína og í lok hvers árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ.